



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎: Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

20. ágúst 2003

Tilvísun: UST20030700193/6á

Múlavirkjun í Eyja- og Miklaholtshreppi. Frekari umsögn um matsskyldu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 15. ágúst sl., þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í fyrri umsögn stofnunarinnar kom fram sú afstaða að fyrirhuguð virkjun í Straumfjarðará væri líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf við Straumfjarðará, sérstaklega m.t.t. til straumandar. Auk þess væri óvíst með áhrif á fuglalíf við Baulárvallavatn. Stofnunin teldi enn fremur óljóst hver væru hugsanleg áhrif virkjunarinnar á staðbundinn urriða í Baulárvallavatni og á gróður á áhrifasvæði virkjunarinnar.

Í ljósi frekari upplýsinga um framkvæmdina og svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi athugasemdir við matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Lífriki vatna

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að með hliðsjón af umsögn Veiðimálastofnunar virtist ekki líklegt að fyrirhuguð virkjun hefði í för með sér umtalsverð áhrif á laxveiði í Straumfjarðará. Umhverfisstofnun benti á að ekki kæmi fram í umsögn Veiðimálastofnunar hvort framkvæmdin gæti haft í för með sér áhrif á urriða í Baulárvallavatni. Í ljósi frekari upplýsinga frá Veiðimálastofnun um hugsanleg áhrif Múlavirkjunar á hrygningarstöðvar urriða í Baulárvallavatni telur stofnunin að ekki sé líklegt að fyrirhuguð virkjun hafi í för með sér umtalsverð áhrif á fiskistofna Baulárvallavatns.

Gróðurfar

Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum Umhverfisstofnunar vegna áhrifa á gróður segir: „Vegna óverulegrar röskunar á umhverfi vatnsins mun ekki koma til röskunar á gróðurfari í umhverfi þess. Á virkjunarsvæðinu er ekki mýrlendi sem getur orðið fyrir röskun. Gróðurlendi sem verður fyrir röskun er auðvelt að endurheimta að loknum framkvæmdum. Þetta ætti að hafa í för með sér hverfandi áhrif á gróðurfar svæðisins.”

Stofnunin bendir á að vatnsborðshækkun Baulárvallavatns mun valda talsverðri skerðingu á gróðri. Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar var bent á að engar upplýsingar liggi fyrir um tegundafjölbreytni á svæðinu, né hvort þar finnist sjaldgæfar tegundir. Þær upplýsingar liggja

enn ekki fyrir. Að mati Umhverfisstofnunar er því ekki að fullu ljóst, út frá fyrirbyggjandi upplýsingum, hver hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar eru á gróður.

Fuglalíf

Þær viðbótarupplýsingar sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram um fuglalíf á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar staðfesta enn frekar það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin geti haft umtalsverð áhrif á búsvæði straumandar á svæðinu. Eins og fram kom í fyrri umsögn stofnunarinnar ber skv. Bernarsamningnum að vernda búsvæði straumandar sérstaklega og að tegundin sé ennfremur á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í nokkurri hættu.

Í viðbótagögnum framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að straumöndin haldi sig við ósa Baulárvallavatns. Búsvæði hennar, sem í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um áhrif vegar yfir Vatnaheiði er lýst sem því mesta á Snæfellsnesi og e.t.v. á Vesturlandi, mun verða fyrir beinni skerðingu vegna ofangreindrar framkvæmdar. Engar upplýsingar liggja fyrir um hversu stór hluti af búsvæði straumandarinnar mun tapast, og því engin gögn til að meta þýðingu þessarar skerðingar fyrir búsvæði straumandar við Straumfjarðará í heild sinni. Eins og fram kom hér að framan hefur mikilvægi búsvæða straumanda verið staðfest með vernd þeirra skv. Bernarsamningnum og skráningu tegundarinnar á Valista náttúrufræðistofnunar Íslands. Ísland er eini varpstaður straumandar í Evrópu. Varpsvæði straumandar eru fremur sérhæfð en þær verpa svo til eingöngu við bergvatnsár. Því er hætt við, eins og fram kom í fyrri umsögn stofnunarinnar, að auk beinnar skerðingar á búsvæðum kunni rennslisbreytingar í ánni að hafa neikvæð áhrif í för með sér. Dæmi eru um að breytingar á vistkerfi straumvatna í kjölfar virkjana hafi eyðilaggt straumandarþéttbýli, m.a. við Sog og Þórisós, sem áður féll úr Þórisvatni. Því er brýnt, að mati Umhverfisstofnunar, að áhrifin liggja ljóst fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir. Einungis með því móti er hægt að tryggja að ofangreind framkvæmd valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Auk áhrifa af ofangreindri skerðingu á búsvæði straumandar má jafnframt benda á að svörum framkvæmdaraðila við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að *“með lagfæringum á vegslóða og gerð tveggja bílaplana skammt frá þjóðvegi muni aðgengi almennings að þessu útivistarsvæði aukast”*.

Við mat á umhverfisáhrifum vegar yfir Vatnaheiði kom fram að líklegt væri að vaxandi umferð gæti valdið truflun í straumandarvarpi við Baulárvallavatn en þangað væri nú fáfarið. Stofnunin bendir á að varptími straumandar hefst í maímánuði en er aðallega í júní. Álega og þroskunartími straumandarunga er ekki vel þekktur en straumendur sjást oft með ófleyga unga allt fram í september og október. Með hliðsjón af svörum framkvæmdaraðila má því búast við því að sú umferðaraukning sem verður um svæðið muni hafa í för með sér enn frekari áhrif á straumandarvarp, til viðbótar við ofangreinda skerðingu á varpsvæðum og áhrifum af vörldum rennslisbreytinga í ánni.


Stofnunin minnir ennfremur á að ekki sé ljóst hvaða áhrif 1 m vatnsborðshækkun í Baulárvallavatni muni hafa á búsvæði annarra fuglategunda við strendur vatnsins.

Niðurstaða

Í ljósi frekari gagna frá framkvæmdaraðila telur Umhverfisstofnun að ekki séu líkur á að ofangreind framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð áhrif á urriða í Baulárvallavatni. Hins vegar telur stofnunin að viðbótarupplýsingar staðfesti fyrri niðurstöðu stofnunarinnar þess efnis að

líkur séu á að framkvæmdin muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á búsvæði straumandar. Auk þess telur stofnunin enn óljóst hvaða áhrif verði á annað fuglalíf og gróður við Baulárvallavatn.

Virðingarfyllst,



Olafur Arnason



Helgi Jónsson